

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2024, miðvikudagurinn, 17. janúar, var haldinn 39. fundur íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í Guðríðarkirkju og hófst kl. 16.33. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Guðný Maja Riba, Björn Ingi Björnsson, Heiða Björk Júlíusdóttir, Herdís Björnsdóttir, Ellen Ellertsdóttir, Herdís Björnsdóttir og Stefán Pálsson. Fundinn sátu einnig Trausti Jónsson og Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Fram fer kynning á starfsemi og þjónustu Guðríðarkirkju. MSS23090077
Leifur Ragnar Jónsson, María Rut Baldursdóttir og Níels Árni Lund taka sæti á fundinum undir þessum lið.
- Fram fer umræða um starf íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals 2024. MSS22090034
- Lagt fram fundadagatal íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals – vor 2024. MSS22090031
Samþykkt með þeirri breytingu að ráðið fundar einnig þann 20. mars
- Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034
- Fram fer umræða um grisjun og umhirðu skógarreita í hverfinu.

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun:

Samþykkt að fela formanni að beina því til umsjónaraðila borgarlandsins að sinna grisjun á skógræktareitum í hverfinu sem margir hverjir eru orðnir of þéttir og liggja undir skemmdum.

Fundi slitið kl. 17:51

Guðný Maja Riba

Stefán Pálsson
Herdís Björnsdóttir

Björn Ingi Björnsson
Ellen Ellertsdóttir
Heiða Björk Júlíusdóttir